# SAMSTÆÐUÁRSHLUTAREIKNINGUR

1. JANÚAR - 30. JÚNÍ 2021

Íslandshótel hf.
Sigtún 28, 105 Reykjavík
kt. 630169-2919

# Efnisyfirlit

| | Bls. |
|---|---|
| Könnunaráritun óháðs endurskoðanda | 3 |
| Skýrsla stjórnar | 4 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Eiginfjáryfirlit | 7 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 8 |
| Skýringar | 9-11 |

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Íslandshótela hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Íslandshótela hf. fyrir tímabilið 1. janúar 2021 til 30. júní 2021. Árshlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdarstjóra á árshlutareikningnum**

Stjórn og framkvæmdarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

**Ábyrgð endurskoðenda**

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

**Umfang könnunar**

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um *könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

**Ábending**

Við viljum vekja athygli á umfjöllun í skýrslu stjórnar og skýringu 6 með árshlutareikningnum þar sem fjallað er um þær óvenjulegu aðstæður sem hafa nú skapast vegna Kórónuveirunnar Covid-19 og þeirrar verulegu óvissu sem ríkir um hvaða áhrif þessi staða mun hafa á félagið. Gerum við ekki fyrirvara við ályktun okkar vegna þessa.

**Ályktun**

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikningur gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á tímabilinu, efnahag hennar 30. júní 2021 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Kópavogur 26. ágúst 2021.

**Deloitte ehf.**

Ingvi Björn Bergmann
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Samandreginn samstæðuárshlutareikningur Íslandshótela fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samstæðuárshlutareikningur er kannaður af endurskoðendum félagsins.

Tap af rekstri félagsins nam 659,1 millj. króna á tímabilinu samkvæmt rekstrarreikningi. Bókfært eigið fé samstæðunnar í lok tímabilsins nam 16.728,4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Hlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess nam 643,6 millj. kr. í lok tímabilsins, en þar af voru 50,0 millj. kr. í eigu félagsins. Virkir hluthafar voru þrír í upphafi árs, sem er sami fjöldi og í lok tímabilsins.

| Hluthafar í lok tímabilsins eru: | Eignarhluti |
|---|---|
| ÓDT Ráðgjöf ehf. ........................................ | 75,2% |
| S38 slhf. ........................................ | 24,2% |
| Ólafur D. Torfason ........................................ | 0,6% |

Covid-19 heimsfaraldurinn hefur haft veruleg áhrif á ferðaþjónustuna og markast afkoma og rekstur Íslandshótela síðustu 16 mánaða af þeim aðstæðum og óvissu sem ríkt hefur. Ferðatakmarkanir og aðrar takmarkanir eru enn í gildi og því er ekki hægt að sjá hvenær eftirspurn eftir ferðalögum mun komast aftur í eðlilegt horf. Með bólusetningum á árinu hafa erlendir ferðamenn tekið við sér á nýjan leik, ef fram heldur sem horfir þá má gera ráð fyrir að ferðaþjónustan geti náð fyrri styrk árið 2023.
Íslandshótel hefur gripið til umfangsmikilla ráðstafna til að bregðast við fækkun ferðamanna með því meðal annars að loka hótelum, uppsögnum starfsmanna, endurskipulagningu rekstrar og vera með sértilboð fyrir innanlandsmarkað. Félagið hefur nýtt sér úrræði ríkisstjórnarinnar til þess að draga úr áhrifum á rekstur félagsins. Jafnframt hefur lánum félagsins verið framlengt og félagið hefur tryggt sér lánalínu hjá viðskiptabanka. Stjórn félagsins telur að með þeim aðgerðum og úrræðum sem gripið hefur verið til sé rekstrahæfi samstæðunnar tryggt og samstæðan hafi fjárhagslegan styrk til að takast á við samdrátt og tap á þessum óvissutímum. Sjá nánar skýringu 6.

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslandshótela hf. hafa staðfest samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021.

Reykjavík, 26. ágúst 2021.

Ólafur D. Torfason stjórnarformaður
Bragi Ragnarsson
Ásta M. Sívertsen
Eiríkur Svavarsson
Margit Johanne Robertet

Framkvæmdastjóri:
Davíð Torfi Ólafsson

# Samandreginn rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. júní 2021

| | Skýr. | 2021 1.1-30.6 | 2020 1.1-30.6 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Sala á gistingu og veitingum | 4 | 1.743.368 | 2.123.232 |
| Aðrar tekjur | | 169.284 | 120.164 |
| | | 1.912.651 | 2.243.397 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Vörunotkun | | ( 325.191 ) | ( 331.793 ) |
| Laun og launatengd gjöld | | ( 888.516 ) | ( 1.307.493 ) |
| Annar rekstrarkostnaður | | ( 444.961 ) | ( 576.160 ) |
| | | ( 1.658.669 ) | ( 2.215.446 ) |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir | | 253.983 | 27.951 |
| Afskriftir | | ( 678.736 ) | ( 647.041 ) |
| **Rekstrartap fyrir fjármagnsliði** | | **( 424.754 )** | **( 619.091 )** |
| Fjármunatekjur | | 827 | 15.238 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 401.645 ) | ( 695.173 ) |
| Hrein fjármagnsgjöld | | ( 400.817 ) | ( 679.935 ) |
| **Tap fyrir tekjuskatt** | | **( 825.571 )** | **( 1.299.026 )** |
| Tekjuskattur | | 165.114 | 254.030 |
| Tap fyrir hlutdeild minnihluta | | ( 660.457 ) | ( 1.044.996 ) |
| Hlutdeild minnihlutaeigenda | | 1.351 | 1.045 |
| **Tap og heildarafkoma tímabilsins** | | **( 659.106 )** | **( 1.043.951 )** |
| **Afkoma á hlut** | | | |
| Tap á hlut í krónum | | 1,11 | 1,76 |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2021

| | Skýr. | 30.6.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | |
| Fasteignir og lóðir | | 39.532.455 | 39.258.690 |
| Verk í vinnslu | | 1.225.597 | 1.184.353 |
| Áhöld, tæki og búnaður | | 1.086.016 | 1.189.078 |
| Óefnislegar eignir | | 29.868 | 38.661 |
| Leigueignir | | 6.987.830 | 7.072.923 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | | 1.290 | 1.290 |
| Fastafjármunir | | 48.863.056 | 48.744.995 |
| Birgðir | | 30.569 | 30.569 |
| Viðskiptakröfur | | 308.179 | 80.620 |
| Kröfur á tengda aðila | | 48.835 | 42.823 |
| Aðrar eignir og skammtímakröfur | | 256.021 | 179.718 |
| Handbært fé | | 557.229 | 432.659 |
| Veltufjármunir | | 1.200.833 | 766.388 |
| **Eignir samtals** | | **50.063.889** | **49.511.383** |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 593.649 | 593.649 |
| Yfirverð hlutafjár | | 3.080.601 | 3.080.601 |
| Bundið eigið fé | | 11.859.108 | 11.754.991 |
| Óráðstafað eigið fé | | 1.127.754 | 1.890.977 |
| Eigið fé hluthafa móðurfélags | | 16.661.113 | 17.320.218 |
| Hlutdeild minnihlutaeigenda | | 67.300 | 68.651 |
| Eigið fé alls | | 16.728.413 | 17.388.869 |
| **Skuldir** | | | |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 3.262.951 | 3.428.065 |
| Leiguskuldbinding | | 7.039.440 | 7.033.001 |
| Langtímalán | 5 | 19.977.251 | 18.849.435 |
| Langtímaskuldir og skuldbindingar | | 30.279.642 | 29.310.501 |
| Viðskiptaskuldir | | 1.257.439 | 939.143 |
| Skuldir við tengda aðila | | 98.430 | 84.899 |
| Næsta árs afborganir langtímalána | 5 | 227.756 | 431.425 |
| Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga | | 328.889 | 341.274 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 1.143.319 | 1.015.271 |
| Skammtímaskuldir | | 3.055.834 | 2.812.012 |
| Skuldir alls | | 33.335.476 | 32.122.514 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | **50.063.889** | **49.511.383** |

# Eiginfjáryfirlit 30. júní 2021

| | Tilheyrir hluthöfum Íslandshótela hf. | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | Bundið eigið fé | | | | |
| | | Yfirverð | Annað bundið | Sérstakt | Óráðstafað | Hlutdeild minni- | |
| **30.6.2021** | **Hlutafé** | **hlutafjár** | **eigið fé*** | **endurmat** | **eigið fé** | **hlutaeigenda** | **Samtals** |
| **Eigið fé 31.12.2020 ...............................................** | 593.649 | 3.080.601 | 1.033.389 | 10.721.602 | 1.890.977 | 68.651 | 17.388.870 |
| Heildarafkoma ......................................................... | | | | | (659.106) | (1.351) | (660.457) |
| Afskrifað sérstakt endurmat ..................................... | | | | (101.266) | 101.266 | | 0 |
| Hagnaður dótturfélaga umfram arðgreiðslur ........... | | | 205.384 | | (205.384) | | 0 |
| **Eigið fé samtals 30.06.2021 ..................................** | **593.649** | **3.080.601** | **1.238.773** | **10.620.336** | **1.127.754** | **67.300** | **16.728.413** |
| | | | | | | | |
| **31.12.2020** | | | | | | | |
| **Eigið fé 1.1.2020 ....................................................** | 593.649 | 3.080.601 | 1.144.759 | 10.501.588 | 3.743.009 | 71.266 | 19.134.874 |
| Heildarafkoma ......................................................... | | | | 415.174 | (2.158.563) | 3.385 | (1.740.004) |
| Afskrifað sérstakt endurmat ..................................... | | | | (195.161) | 195.161 | | 0 |
| Hlutdeild minnihluta í greiðslu arðs frá dótturfélagi .. | | | | | | (6.000) | (6.000) |
| Hagnaður dótturfélaga umfram arðgreiðslur ........... | | | (111.371) | | 111.371 | | 0 |
| **Eigið fé samtals 31.12.2020 ..................................** | **593.649** | **3.080.601** | **1.033.389** | **10.721.602** | **1.890.977** | **68.651** | **17.388.870** |

*Annað bundið eigið fé samanstendur að lögbundnum varasjóð 160,9 m.kr. og bundnu eigin fé vegna afkomu dótturfélaga 1.077,9 m.kr.

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2021

| | Skýr. | 2021<br>1.1.-30.6 | 2020<br>1.1.-30.6 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| (Tap) tímabilsins fyrir tekjuskatt | | ( 825.571 ) | ( 1.299.026 ) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir og virðisrýrnun | | 678.736 | 647.041 |
| (Hagnaður) tap af sölu fastafjármuna | | ( 9.363 ) | 2.442 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | 0 | 250 |
| Fjármagnstekjur og fjármagsgjöld | | 400.817 | 679.935 |
| Hreint veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | | 244.620 | 30.643 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Vörubirgðir, breyting | | 0 | 10.584 |
| Tengdir aðilar, breyting | | 7.518 | 45.580 |
| Skammtímakröfur, breyting | | ( 302.613 ) | ( 21.230 ) |
| Skammtímaskuldir, breyting | | 682.082 | 59.801 |
| | | 386.988 | 94.735 |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | | 631.607 | 125.378 |
| Greiddir skattar | | 0 | ( 25.671 ) |
| Innborgaðir vextir | | 486 | 15.238 |
| Gengismunur, (greiddur) | | 968 | ( 53.760 ) |
| Greiddir vextir | | ( 3.263 ) | ( 30.311 ) |
| Handbært fé frá rekstri | | 629.799 | 30.874 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Kaupverð rekstrarfjármuna | | ( 451.954 ) | ( 1.042.296 ) |
| Eignfærðir vextir | | ( 49.864 ) | ( 68.326 ) |
| Söluverð rekstrarfjármuna | | 33.100 | 1.583 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 468.718 ) | ( 1.109.040 ) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Tekin ný langtímalán | | 591.088 | 569.963 |
| Afborganir langtímalána | | ( 32.877 ) | ( 188.056 ) |
| Afborganir leiguskulda | | ( 288.803 ) | ( 142.109 ) |
| Vextir leiguskulda | | ( 304.030 ) | ( 175.854 ) |
| Greiddir vextir | | ( 1.888 ) | ( 190.378 ) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 36.511 ) | ( 126.435 ) |
| **Hækkun / lækkun á handbæru fé** | | 124.571 | ( 1.204.601 ) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 432.659 | 2.055.974 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | | 557.230 | 851.373 |

# Skýringar

**1. Upplýsingar um félagið**

Íslandshótel er hlutafélag og er tilgangur félagsins hótel- og veitingarekstur, fasteignarekstur og önnur skyld starfsemi. Lögheimili félagsins er að Sigtúni 28 í Reykjavík, Íslandi.

Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1.1.2021 - 30.6.2021 hefur að geyma árshlutareikning móðurfélagsins, Íslandshótel hf., auk dótturfélaga þess, Fosshótel Reykjavík ehf., Helgaland ehf., Suðureignir ehf., Norðureignir ehf., Vestureignir ehf., Höfuðborgareignir ehf. og Aðalstræti 100 ehf. Vísað er til ofangreindra félaga í heild sem samstæðunnar og til einstakra félaga sem samstæðufélaga.

Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri staðfestu samstæðuárshlutareikninginn þann 26. ágúst 2021.

**2. Grundvöllur reikningsskilanna**

a. Yfirlýsing um samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samstæðan beitir sömu reikningsskilaaðferðum við gerð árshlutareikning og við gerð ársreiknings 2020. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2020. Ársreikning samstæðunnar er að finna á vef félagsins, www.islandshotel.is.

b. Rekstrarhæfi

Stjórnendur félagsins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að félagið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi.

c. Grundvöllur matsaðferða

Samstæðuárshlutareikningur byggir á upphaflegu kostnaðarverði nema í eftirfarandi tilfellum:
- Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum eru færðir með hlutdeildaraðferð.
- Fasteignir eru metnar á endurmetnu kostnaðarverði.

Reikningsskilaaðferðum hefur verið beitt á samræmdan hátt af öllum fyrirtækjum innan samstæðunnar.

d. Framsetningar- og starfrækslugjaldmiðill

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill Íslandshótela. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

e. Mat stjórnenda í reikningsskilunum

Stjórnendur þurfa að meta og taka sérstakar ákvarðanir er varða mikilvæga liði árshlutareikningsins sem vegna eðli síns eru háðir mati hverju sinni. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Stærsti matskenndi liðurinn í árshlutareikningnum tengist endurmati fasteigna samstæðunnar. Fasteignir eru færðar á endurmetnu kostnaðarverði og var endurmat síðast framkvæmt í árslok 2020. Breytingar á gangvirði eru færðar í gegnum aðra heildarafkomu á endurmatsreikning meðal eigin fjár. Samstæðan fékk óháðan matsaðila til að framkvæma virðismat þann 31.12.2020. Sjá skýringu 13 í ársreikningi fyrir nánari upplýsingar. Við ákvörðun gangvirðis er byggt á forsendum sem háðar eru mati stjórnenda á þróun ýmissa þátta í framtíðinni. Raunverulegt söluverð eigna og uppgreiðsluverðmæti skulda kann að vera frábrugðið þessu mati.

Við gerð þessa árshlutareiknings hafa stjórnendur metið hvort tilefni sé til að framkvæma endurmat á fasteignum samstæðunnar. Það er mat stjórnenda að ekki sé tilefni til að framkvæma endurmat á fasteignum samstæðunnar við gerð þessa árshlutareiknings.

Við innleiðingu á IFRS 16 um leigusamninga er lagt mat á tímalengd leigusamninga sem og ávöxtunarkröfu til afvöxtunar á samningum. Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og á þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

**3. Starfsþáttayfirlit**

Stjórnendur hafa skilgreint rekstur samstæðunnar sem einn starfsþátt. Samstæðan byggir á rekstri hótela í Reykjavík og hringinn í kringum landið undir merkjum Fosshótela, Grand hótels og Hótel Reykjavík Centrum. Hótelin eru þriggja og fjögurra stjörnu hótel og eru flest opin allt árið um kring. Dótturfélög Íslandshótela reka fasteignir samstæðunnar en viðskipti þeirra eru einungis innan samstæðunnar. Öll starfsemi samstæðunnar er á Íslandi.

# Skýringar

## 4. Rekstrartekjur

Reikningsskilareglur
Sölutekjur samstæðunnar samanstanda af seldri gistingu og veitingum. Aðrar tekjur samstæðunnar samanstanda af öðrum tekjum af veittri þjónustu til viðskiptamanna, umboðslaunum, salaleigu og öðrum tilfallandi tekjum. Tekjur af sölu eru færðar í rekstrarreikningi þegar þjónusta er veitt kaupanda. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

Sala á gistingu og veitingum greinist þannig:

| | **2021** | **2020** |
|---|---|---|
| | **1.1.- 30.6.** | **1.1.- 30.6.** |
| Seld gisting ........ | 1.108.912 | 1.385.320 |
| Seldar veitingar ........ | 634.456 | 737.912 |
| **Samtals sala á gistingu og veitingum ........** | 1.743.368 | 2.123.232 |

## 5. Langtímaskuldir

Reikningsskilareglur
Langtímaskuldir samstæðunnar eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Vaxtagjöld og lántökukostnaður eru innleyst í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta yfir líftíma lánsins.

Langtímaskuldir greinast þannig:

| | **Vextir** | **30.6.2021** | **31.12.2020** |
|---|---|---|---|
| Óverðtryggðar skuldir í krónum ........ | 2,35% - 4,97% | 14.823.795 | 14.021.612 |
| Gengistryggðar skuldir í evrum ........ | 2,49 - 2,74% | 1.734.830 | 1.811.508 |
| Verðtryggðar skuldir í krónum ........ | 2,95% - 7,75% | 3.675.335 | 3.476.692 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir ........ | | 20.233.960 | 19.309.812 |
| Lántökukostnaður ........ | | ( 28.953 ) | ( 28.953 ) |
| Næsta árs afborganir ........ | | ( 227.756 ) | ( 431.425 ) |
| Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals ........ | | 19.977.251 | 18.849.435 |

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör langtímalána félagsins 30.06.2021, en kunna að breytast miðað við breytingar á markaðsvöxtum á lánamörkuðum.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu árum:

| | |
|---|---|
| Árið 2021 / 2022 ........ | 227.756 |
| Árið 2022 / 2023 ........ | 3.811.490 |
| Árið 2023 / 2024 ........ | 1.125.107 |
| Árið 2024 / 2025 ........ | 1.044.037 |
| Árið 2025 / 2026 ........ | 684.330 |
| Síðar ........ | 13.341.240 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir ........ | 20.233.960 |

Félagið hefur framlengt lánum hjá viðskiptabanka fram til 5. júlí 2022 en félagið mun byrja að greiða vexti af lánum frá og með 5. febrúar 2022. Ógreiddum afborgunum og vöxtum verður bætt við höfuðstól lána og lánstími lengist sem nemur niðurfelldum greiðslum afborganna. Viðskiptabanki hefur fallið frá fjárhagslegum kvöðum til og með 31.12.2022. Auk þess sem skuldabréfaeigendur IH140647 samþykktu 28. ágúst 2020 skilmálabreytingu og undanþágu frá fjárhagslegum kvöðum til og með 30. júní 2021.
Vakin er athygli á því að félagið hefur tryggt langtímafjármögnun á framkvæmdaláni sem fellur í gjalddaga 2022/2023 samanber yfirlit yfir afborgun langtímalána árið 2022/2023.

## 6. Önnur mál til upplýsingar

Covid-19 heimsfaraldurinn hefur haft veruleg áhrif á ferðaþjónustuna um heim allan og markast afkoma og rekstur Íslandshótela síðasta rúma ár af þeim aðstæðum og óvissu sem ríkir vegna faraldursins. Ferðatakmarkanir og aðrar takmarkanir eru enn í gildi og því er ekki hægt að sjá fyrir um hvenær eftirspurn eftir ferðalögum mun komast aftur í eðlilegt horf. Með bólusetningum á árinu 2021 og tilraunum til losunar ferðatakmarkana og annarra takmarkana hafa erlendir ferðamenn farið að koma til landsins að nýju, ef fram heldur sem horfir þá má gera má ráð fyrir að ferðaþjónustan geti náð fyrri styrk árið 2023.

Íslandshótel hefur gripið til umfangsmikilla ráðstafana til að bregðast við fækkun ferðamanna með því meðal annars að loka hótelum, uppsögnum starfsmanna, almennri endurskipulagningu rekstrar og bjóða sértilboð markaðssett fyrir innanlandsmarkað. Rekstur félagsins hefur verið aðlagaður að framboði ferðamanna og miðar stefna félagsins að því að tryggja reksturinn og skapa sveigjanleika. Ennfremur hefur félagið nýtt sér úrræði stjórnvalda til þess að draga úr áhrifum á reksturinn. Þá hefur félagið jafnframt leitað úrræða hjá viðskiptabanka sínum, sem felst í aðgangi að lánalínu, undanþágum frá fjárhagslegum skilmálum, framlengingu lánasamninga og auknu aðgengi að lausafé. Auk þess sem skuldabréfaeigendur IH 140647 samþykktu 28. ágúst 2020 skilmálabreytingu og undanþágu frá fjárhaglegum kvöðum til og með 30. júní 2021.

Fosshótel Reykjavík hefur verið lokað síðan Covid-19 skall á eða frá 1. apríl 2020 ef undanskildir eru þeir mánuðir sem Sjúkratryggingar Íslands hafa haft afnot að hótelherbergjum frá því í apríl á þessu ári. Þann 16. mars 2021 gekk dómur í héraðsdómi í máli nr. E-2261/2020; Fosshótel Reykjavík ehf. gegn Íþöku fasteignafélagi ehf. og Íslandsbanka. Dómurinn synjaði kröfu um staðfestingu lögbanns sem sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu lagði á útgreiðslu bankaábyrgðar þann 23. júní 2020. Meginniðurstaða fjölskipaðs dóms var hins vegar að lækka leigugreiðslur Fosshótel Reykjavíkur ehf. um helming fyrir tímabilið 1. apríl 2020 til 31. mars 2021. Dómi héraðsdóms hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar. Fosshótel Reykjavík fékk heimild til fjárhagslegrar endurskipulagningar þann 31. mars 2021 samkvæmt lögum 57/2020 um fjárhagslega endurskipulagningu/greiðsluskjól.